

# STOFNANASAMNINGUR

Stofnanasamningur þessi er gerður milli Félags geislafræðinga (FG) og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) um forsendur röðunar starfa við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags geislafræðinga hins vegar.

## 1) Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra geislafræðinga sem starfa við HSN og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags geislafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

## 2) Röðun starfa

- Við röðun starfa í launaflokka skal meta verkefni, skyldur og ábyrgð sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits HSN eða annars formlegs starfsskipulags við gerð samningsins.
- Röðun starfa í launaflokka skal byggja á grunnröðun samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags geislafræðinga við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Röðun starfa í launaflokka skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.
- Með stofnanasamningi þessum er fylgiskjal I sem hefur að geyma skilgreiningu starfaflokka. Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi deildum/starfsstöðvum hjá HSN er raðað.

## 3) Starfaflokkun og grunnröðun sbr. Fylgiskjal I:

<u>Starfaflokkur</u>		<u>Launafl. á bili</u>
Geislafræðingur A	(0-2 ár í starfi)	8:0
Geislafræðingur B	(eftir 2 ár í starfi)	9:0
Verkefnastjóri	(sinnir öllum verkum rtg)	11:0

Röðun starfa í launaflokka er lágmarksröðun.

BP  
KS

#### **4) Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti**

a) **Klínísk námskeið og fagráðstefnur**, 120 kennslustundir í viðurkenndum námskeiðum og/eða fagráðstefnum gefa 1 þrep.

#### **b) Formlegt framhaldsnám**

Diplómanám, 30 ECTS einingar	1 þrep
Diplómanám, 60 ECTS einingar	2 þrep
Meistarapróf, 120 ECTS einingar	4 þrep

- Hækkanir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt kafla 4.b ber að meta svo, að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.
- Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að 4 þrep til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms.

#### **c) Starfsreynsla sem geislafræðingur**

- i) Geislafræðingur með 10 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep
- ii) Geislafræðingur með 15 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep
- iii) Geislafræðingur með 20 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep

#### **5) Markaðsálag**

Heimilt er að greiða starfsmanni við ráðningu eða sérstakar aðstæður, markaðsálag í formi launaflokk/a, enda tilheyri starfsmaður hópi sem geti augljóslega fengið marktaekt hærri laun annars staðar, vegna sérþekkingar sinnar og/eða reynslu. Æskilegt er að þetta sé rökstutt með gögnum eða málefnalega með öðrum hætti, svo sem með tilvísan til viðurkenndra launakannana o.p.h. Heimilt er að taka markaðsálagið til endurskoðunar ef aðstæður á markaði breytast.

#### **6) Réttur til endurmats á röðun**

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

#### **7) Sérstakt tímabundið álag/verkefni**

Gera skal samning við geislafræðinga sem taka að sér sérstök verkefni sem fela í sér tímabundið álag. Í slíkum tilvikum skal gera skriflegan viðbótarsamning við geislafræðinga um tímabundna hækjun launa í formi álagsþrepa, eingreiðslna eða auka yfirvinnutíma. Samningar sem þessir taka til tímabundinna verkefna eða ábyrgðar. Samningar geta náð allt að 12 mánuðum í senn.

## **8) Starfsmannasamtal**

Árlega skulu yfirmenn bjóða undirmönum sínum starfsmannasamtal. Þar gefst aðilum kostur á að ræða frammistöðu, starfsþróun, verkefnastöðu, starfsánægju, samskipti, aðbúnað, starfslýsingu og stjórnun.

## **9) Launaviðtal**

Starfsmaður getur óskað eftir launaviðtali einu sinni á ári til að ræða launasetningu sína og kjör. Viðtalið skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að óskin hefur verið borin fram eða eftir nánara samkomulagið. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. 8. gr. þessa stofnanasamnings.

## **10) Samstarfsnefnd og ágreiningsmál**

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Samstarfsnefnd skal komið á fót við undirritun þessa samnings sem hefur það verkefni að leita lausna ágreiningsmála sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd stofnanasamnings og yfirlýstrar stefnu stofnunarinnar hvað varðar fræðslu-, jafnréttis- og mannauðsmál. Samstarfsnefndin skal skipuð samkvæmt gr. 11 í kjarasamningi FG og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

## **11) Gildistaka**

Samningur þessi gildir frá og með 1. nóvember 2018 og skal endurskoðaður skv. kjarasamningi eigi síðar en eftir 2 ár, sem er 1. nóvember 2020.

Við gildistöku stofnanasamnings þessa falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar sem í gildi eru á milli Félags geislafræðinga og starfseiningar HSN.

Sauðárkrókur 27. maí 2019.

Fh. Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

Björndís Ólafja Hallsd.  
Guðrún Þráðarsdóttir  
Róðrún Jónsdóttir

Fh. Félags geislafræðinga

Katrin Sigurdard.  
Rudur Ólafd.  
Jórunn Frédrik Þórssen

## Bókanir með stofnanasamningi FG og HSN

### Bókun 1

Í kjölfar undirritunar stofnanasamnings þessa skal yfirlíða forsendur launaráðunar allra geislafræðinga á starfsstöðvum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Þessi endurskoðun skal aldrei leiða til launalækkunar fyrir einstaka starfsmenn en öllum launum skal endurraðað frá grunni skv. nýjum stofnanasamningi. Stefnt skal að því að þessari vinnu verði lokið fyrir 1. júlí 2019.

### Bókun 2

Vegna ákvæðis í 2. gr. úrskurðar Gerðardóms, dags. 14.8.2015 er varðar útfærslu menntunarákvæðis skal sú upphæð (1,65% af launasummu starfsmanna) sem þar er eyrnamerk mati á menntun og gildir frá 1. júní 2016, reiknuð út og dreift jafn yfir þá starfsmenn sem samningur þessi tekur til, í samræmi við starfshlutfall þeirra og gildistöku þessa saðnings, með eingreiðslu þann 1. júlí 2019.

# Fylgiskjal 1 - Starfaflokkun

## Geislafræðingur A:

Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólk. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt, vinnur að gerð gæðaskjala, rannsóknarvinnu á deild og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útdeilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda.

## Geislafræðingur B:

Sinnir öllum verkefnum geislafræðings A. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólk og nemum. Er fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnnum, vinnur að gerð gæðaskjala, rannsóknarvinnu á deild, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og stofnunarinnar.

## Verkefnastjóri:

Sinnir öllum verkefnum geislafræðings B. Reyndur geislafræðingur á sínu sérsviði og hefur yfirumsjón með starfsemi sinnar deildar. Innleiðir nýjungar, stýrir gæðastarfi, vinnur að gerð gæðaskjala og rannsóknarvinnu á deild, sviði eða stofnun í samráði við yfirmann. Stjórnar og skipuleggur starfsemi/þjónustu/meðferð í samræmi við sýn og stefnu stofnunarinnar. Tekur þátt í teymisvinnu. Metur árangur á starfsemi. Er ráðgefandi varðandi sérhæfða meðferð. Skipuleggur kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/þjónustunnar/meðferðarinnar sem veitt er á deild, sviði eða stofnun í samráði við yfirmann.

**Röðun starfa í launaflokka er lágmarksröðun.**

## Fylgiskjal 2

### Vinnureglur varðandi mat á sí- og endurmenntun

Starfsmenn geta óskað eftir endurskoðun launaröðunar vegna viðbótarnáms eða starfsreynslu og skal beiðni þar að lútandi skilað skriflega til næsta yfirmanns. Eftirfarandi reglur varðandi slíkt endurmat skulu hafðar til viðmiðunar:

#### Kafli 4.b

Viðbótarmenntun / Diplómapróf – starfsmaður sem hefur aflað sér formlegrar viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum hækkar um 1 þrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi.

Viðbótarmenntun / Diplómapróf – starfsmaður sem hefur aflað sér formlegrar viðbótarmenntunar sem nemur 60 ECTS einingum hækkar um 2 þrep. Hækkanir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt kafla 4.b ber að meta svo, að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi.

Meistarapróf – starfsmaður með meistarapróf eða annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfur starfs, hækkar sem nemur 4 þrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Hækkanir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt kafla 4.b ber að meta svo, að launaflokkar og þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

Kafli 4.b telst sjálfstæður og getur mest veitt 4 þrepa hækkun á grunnröðun.

### Framkvæmd / gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi gögn:

- a) Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- b) Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- c) Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- d) Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- e) Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.
- f) Endurmat á nýrri launasetningu tekur gildi næstu mánaðarmótum eftir að námsgögnum hefur verið skilað inn og móttokin af yfirmanni.

## Fylgiskjal 3

### Fyrirvari frá Félagi geislafræðinga

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarfélaga BHM annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar. Í 2. gr. úrskurðarorða gerðardóms um launahækkanir er kveðið á um hvernig laun skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi skuli hækka á þeim framlengda gildistíma kjarasamnings sem gerðardómur ákvað. Þar kemur m.a. fram að þann 1. júní 2016 fari 1,65% „Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.“

Í 5. gr. úrskurðarins er að finna nánari útlistun á því með hvaða hætti meta skuli menntun í stofnanasamningum. Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélög þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun.

Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönnum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttar var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis.

Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreining aðila og þá hver hún verður. Ekki er hægt að útiloka að það komi í hlut Félagsdóms að leysa úr þessum ágreiningi. Þar til slík niðurstaða fæst eða samkomulag næst með aðilum er ljóst að miða verður mat á menntun í stofnanasamningi þessum við leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 29. apríl 2016. Félag geislafræðinga samþykkir stofnanasamning þennan með þeim fyrirvara að komi til þess að túlkun á ákvæðum gerðardóms verði síðar með öðrum hætti en skv. fyrrnefndum leiðbeiningum, eigi sér stað afturvirk leiðréttning í samræmi við þá túlkun.

